



**Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti  
101 Reykjavík**

**Sent í tölvupósti á: nefndasvid@althingi.is**

*Reykjavík, 30. október 2020.*

**Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að draga úr notkun pálmaolíu á Íslandi, 112. mál**

Með tölvupósti þann 26. október síðastliðinn óskaði nefndasvið Alþingis eftir umsögn Landverndar um ofangreinda þingsályktunartillögu. Um mikilvægt mál er að ræða og Landvernd vill því þakka flutningsmönnum fyrir að leggja tillöguna fram.

Stjórn Landverndar styður heilshugar við þingsályktunartillöguna. Stjórn Landverndar telur að bann við notkun pálmaolíu í eldsneyti sé forgangsatíði í þessu samhengi en vegna umhverfisáhrifa er full ástæða til þess að skoða aðra orsakavalda eyðingu regnskóga eins og nautgriparækt og dýrafóðurframleiðslu samtímis. Þá ætti Ísland að beita sér fyrir því að bann verði lagt við notkun pálmaolíu í Evrópu.

Stjórn Landverndar leggur til að nefndinni verði gert að skila tillögum sínum fyrr, þann 1. júní 2021 í ljósi þess að verkefnið er nokkuð afmarkað.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Landverndar,

Auður Önnu Magnúsdóttir,  
framkvæmdastjóri.